

Rekstrarvörur ehf.
Réttarhálsi 2
110 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2019
UST201910-337/E.O.
07.13.02

**Eftirlit í kjölfar ábendingar um tiltekin vanmerkt þvotta- og hreinsefni í verslun
Rekstrarvara ehf. - Málslok**

Umhverfisstofnun barst ábending um að eftirfarandi vörur uppfylli ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 varðandi merkingu efnavara í verslun Rekstrarvara ehf., Réttarhálsi 2, Reykjavík:

Vara	Strikamerki
Fairy Original	4 084500 870628
Fairy Original Lemon	4 084500 870772
Persil Bio – Family Pack	8 717163 642924

Við eftirlit í verslunina þann 1. nóvember sl. kom í ljós að vörurnar uppfylltu ekki skilyrði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sama efnis. Samkvæmt reglugerðinni skulu viðvörunarorð, hættusetningar og varnaðarsetningar vera á íslensku auk þess sem nafn, heimilisfang og símanúmer þess birgis sem er ábyrgur fyrir merkingunni þarf að koma fram á merkimiðanum. Eftirlitið í verslunina leiddi í ljós frávik hvað þetta varðar. Rekstrarvörur ehf. bera ábyrgð á markaðssetningu varanna hér á landi.

Fjallað er ítarlega um eftirlitið og framkomin frávik í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur um merkingar sbr. 3. mgr. 32. gr. efnalaga.

Einstök ákvæði varðandi merkingar má finna í 17.-33. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Umbúðir skulu merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis, vörukenni, viðvörunarorði, magni efnis eða efnablöndu, hættumerkjum, hættusetningum og varnaðarsetningum. Texti merkinganna varðandi viðvörunarorð, hættusetningar og varnaðarsetningar skal vera á íslensku nema kveðið sé á um annað í reglugerð.


Rekstarvörur ehf. brugðust við með því að senda Umhverfistofnun afrit af merkimiðum þann 18. nóvember sem eru uppfærðir skv. reglugerð nr. 415/2014 (CLP) á þann hátt að merkingarnar standist kröfur reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, ásamt ljósmyndum af vörunum með fullnægjandi merkingu. Telst máli þessu þar með lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að hér var eingöngu um að ræða eftirlit með ofangreindum þremur vörum og því aðeins gerðar athugasemdir við þær. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Rekstrarvörur ehf. flytja inn og/eða markaðssetja standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Virðingarfallst,



Einar Oddsson
Sérfræðingur



Björn Gunnlaugsson
Teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla

Eftirlit í kjölfar ábendingar um tiltekin vanmerkt þvotta- og hreinsefni í verslun Rekstrarvara ehf.

Dagsetning	1. nóvember 2019
Fyrirtæki	Rekstrarvörur ehf.
Heimilisfang	Réttarhálsi 2, 110 Reykjavík
Kennitala	580582-0609
Starfsemi	Heildsala, smásala
Tengiliður fyrirtækis	Carolina Linda Jeans
Eftirlitsstaður	Réttarháls 2
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Carolina Linda Jeans
Tegund eftirlits	Eftirlit í kjölfar ábendingar
Fulltrúi Umhverfisstofnunar	Einar Oddsson
Málsnúmer	UST201910-337

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun barst ábending um efnavörur sem Rekstrarvörur ehf. markaðssetja þar sem bent var á að merkingar þeirra uppfylli mögulega ekki tiltekin skilyrði efnalaga nr. 61/2013. Vörurnar voru skoðaðar með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP) og reglugerðar nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni.

Skoðun á vörunum *Fairy Original*, *Fairy Original Lemon* og *Persil Bio* leiddi í ljós frá tungumálakröfum á umbúðum þessara vara hvað varðar það að viðvörunarorð, hættusetningar, varnaðarsetningar skuli vera á íslensku. Einnig þarf að koma fram nafn, heimilisfang og símanúmer þess birgis sem er ábyrgur fyrir merkingunni.

Rekstrarvörur ehf. brugðust við niðurstöðum eftirlitsins þann 18. nóvember með því að senda Umhverfistofnun afrit af merkimiðum sem eru uppfærðir skv. reglugerð nr. 415/2014 (CLP) á þann hátt að merkingarnar standast kröfur reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, ásamt ljósmynnum af vörunum með fullnægjandi merkingu.

Telst máli þessu þar með lokið.

UMFANG EFTIRLITS

Þann 31. október 2019 barst Umhverfisstofnun ábending með myndum af merkingum efnavora í verslun Rekstrarvara ehf. að Réttarhálsi 2, Reykjavík sem sýndu að viðvörunarorð, hættusetningar og varnaðarsetningar voru aðeins á ensku. Ábendingunni var fylgt eftir með eftirlitsferð í verslunina þann 1. nóvember til að skoða vörurnar frekar í samræmi við eftirlitshlutverk Umhverfisstofnunar með flokkun,

merkingum og umbúðum efna, efnablandna og hluta sem innihalda efni, sem markaðssett eru hér á landi og falla undir lögum sbr. 13. tölul. 5. gr. og XI. kafli laganna. Fyrirtækið Rekstravörur ehf. er ábyrgt fyrir markaðsetningu varanna hér á landi.

Vörurnar voru skoðaðar með hliðsjón af því hvort að merkingar þeirra uppfylli kröfur sem gerðar eru til merkinga efna og efnablandna sem tilbúin eru til notkunar skv. 32. gr. efnalaga og reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).

Auk þess voru vörurnar skoðaðar með hliðsjón af skilyrðum sem gerðar eru til merkinga þvotta- og hreinsiefna skv. reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 648/2004 með sama nafni.

Eftirtaldar vörur féllu undir umfang eftirlitsins:

Vara	Strikamerki
Fairy Original	4 084500 870628
Fairy Original Lemon	4 084500 870772
Persil Bio – Family Pack	8 717163 642924

Eftifarandi kröfur eru gerðar um merkingar varanna skv. efnalögum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli laganna:

- Samkvæmt 32. gr. efnalaga skulu birgjar tryggja að efni og efnablöndur sem eru tilbúin til notkunar séu merkt í samræmi við hættuflokkun þeirra. Umbúðir skulu merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis, magni efnis og efnablöndu, hættusetningum, varnaðarsetningum, viðvörunarorðum og hættumerkjum í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Texti merkinganna varðandi hættusetningar, varnaðarsetningar, viðvörunarorð og hættumerki skal vera á íslensku nema kveðið sé á um annað í reglugerð.
- Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni skulu merkingar þvotta- og hreinsiefna, sbr. 11. gr. reglugerðar (EB) 648/2004 vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Ákvæði 11. gr. reglugerðar (EB) 648/2004 hafa ekki áhrif á ákvæði um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna í reglugerð (EB) 1272/2008 en setja viðbótarsílýrði varðandi merkingar þvotta- og hreinsiefna.
- Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP) skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna sem heyra undir reglugerðina að vera á íslensku með þeim undantekningum sem kveðið er á um í ákvæðinu en eiga ekki við um þær vörur sem hér er til skoðunar.
 - o Viðvörunarorðið (Warning) sem kemur fram á merkmiða varanna í samræmi við e. lið 17. gr. og 20. gr. reglugerðar (EB) 1272/2008 á því að vera á íslensku.
 - o Hættusetningarnar H319 (Causes serious eye irritation), H412 (Harmful to aquatic life with long lasting effects) sem koma fram á merkmiða varanna í samræmi við f. lið 17. gr. og 21. gr. reglugerðar (EB) 1272/2008 á því að vera á íslensku
 - o Varnaðarsetningarnar P102 (Keep out of reach of children), P305+P351+P338 (IF IN EYES: Rinse cautiously with water for several minutes. remove contact lenses, if present and easy to do. Continue rinsing), P337+P313 (If eye irritation persists. Get medical advice/attention) og P501 (Dispose of contents/container to an appropriate local waste system) sem koma fram á merkmiða varanna í samræmi við g. lið 17. gr. sbr. 22. gr. reglugerðar (EB) 1272/2008 eiga því að vera á íslensku.

- Nafn, heimilisfang og símanúmer birgis eða birgja sem koma fram á vörunni í samræmi við a. lið 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 eiga að vera um þann birgi sem verður ábyrgur fyrir íslenskum merkimiða vörunnar og eiga að vera á íslensku. Birgir er skilgreindur sem framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifingaraðili sem setur á markað efni, eitt sér eða í blöndu, eða setur blöndu á markað. Sá aðili sem breytir efnavöru á einhvern hátt, þ.m.t. merkingunni m.a. með þýðingu, verður að skrá sig sem sem birgir.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fairy Original og Fairy Orginal Lemon

Um er að ræða uppbvottalög í 780 ml plastflöskum. Skoðaðar voru tvær útgáfur af samskonar uppbvottalegi, annars vegar Fairy Original og hins vegar Fairy Original Lemon. Vörurnar eru merktar með hættumerkinu GHS07, *heilsuskaði* (upphrópunarmerki) en viðvörunarorð, hættu- og varnaðarsetningar eru á ensku. Þá eru vörurnar merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri fyrirtækisins Procter & Gamble International Operations SA í Englandi, Írlandi, Sviss og Belgíu.

Frávik¹

- *Viðvörunarorð á íslensku vantar*, sbr. 32. gr. efnalaga, 4. gr. reglugerðar 415/2014 og e - lið 17. gr. og 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.
- *Hættusetningar á íslensku vantar*, sbr. 32. gr. efnalaga, 5. gr. reglugerðar nr. 415/2014 og f - lið 17. gr. og 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.
- *Viðeigandi varnaðarsetningar á íslensku vantar*, sbr. 32. gr. efnalaga, 5. gr. reglugerðar nr. 415/2014 og g - lið 17. gr. og 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.
- *Nafn, heimilisfang og símanúmer þess birgis sem verður ábyrgur fyrir merkimiðanum á íslensku vantar*, sbr. 17. gr. a- lið, reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 og 32. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Ekki eru gerðar athugasemdir við vörurnar hvað varðar merkingar samkvæmt reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni.

Persil Bio – Family Pack

Um er að ræða uppbvottaefni í 4,225 kg umbúðum (pappakassa). Varan er merkt með hættumerkinu GHS07, *heilsuskaði* (upphrópunarmerki) en viðvörunarorð, hættu- og varnaðarsetningar eru á ensku. Þá er varan merkt nafni, heimilisfangi og símanúmeri fyrirtækisins Unilever UK Ltd. á Írlandi.

Frávik

- *Viðvörunarorð á íslensku vantar*, sbr. 32. gr. efnalaga, 4. gr. reglugerðar 415/2014 og e - lið 17. gr. og 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.
- *Hættusetningar á íslensku vantar*, sbr. 32. gr. efnalaga, 5. gr. reglugerðar nr. 415/2014 og f - lið 17. gr. og 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.
- *Viðeigandi varnaðarsetningar á íslensku vantar*, sbr. 32. gr. efnalaga, 5. gr. reglugerðar nr. 415/2014 og g - lið 17. gr. og 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.
- *Nafn, heimilisfang og símanúmer þess birgis sem verður ábyrgur fyrir merkimiðanum á íslensku vantar*, sbr. 17. gr. a- lið, reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 og 32. gr. efnalaga nr. 61/2013.


Ekki eru gerðar athugasemdir við vörurnar hvað varðar merkingar samkvæmt reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni.

¹ Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lögum eða reglugerðum

ÁBENDINGAR

Vakin er athygli á því að íslenskan merkimiða má ekki líma yfir fyrirliggjandi innihaldsupplýsingar eða hættumerki á umbúðuma vöru, ef þær þurfa áfram að nýtast sem skyldubundnar merkingar á vörunni. Þá vill stofnunin benda á eftifarandi ákvæði úr reglugerðinni varðandi staðsetningu upplýsinga á merkimiðanum, samkvæmt lið 1 í 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008: „*Hættumerki, viðvörunarorð, hættusetningar og varnaðarsetningar skulu staðsettar saman á merkimiðanum*“

Jafnframt er vakin athygli á því að á vefsíðu Umhverfisstofnunar má nálgast verkfæri sem útbúið var af stofnuninni til að auðvelda þeim sem vinna við gerð umbúðarmerkinga skv. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna að fletta upp stöðluðum texta hættu- og varnaðarsetninga. Verkfærið má nálgast á eftifarandi slóð: <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking/haettumerkingar-efnavara-verkfaeri/>

Reykjavík 18. nóvember 2019


Einar Oddsson